

Nefndasvið Alþingis
Alþingi
150 Reykjavík

Reykjavík, 16. júní 2009

Efni: Umsögn um tillögur til þingsályktunar um aðildarumsókn að Evrópusambandinu.

SVÞ – Samtök verslunar og þjónustu hefur fengið til umsagnar tvær þingsályktunartillögur um nefnt mál. Önnur er þingsályktunartillaga frá stjórnvöldum um aðildarumsókn að Evrópusambandinu. Hin er tillaga um undirbúning mögulegrar umsóknar um aðild að Evrópusambandinu sem flutt er af þingflokki Framsóknarflokks og Sjálfstæðisflokks. SVÞ fagnar því að Evrópumálin eru nú komin á dagskrá þingsins.

Stjórn SVÞ sendi í dag frá sér ályktun sem ber yfirskriftina „Að tala í lausnum“. Þar er skorað á stjórnvöld að samþykkja á yfirstandandi þingi trúverðuga umsókn um aðild að Evrópusambandinu – þar sem hugur fylgi máli. Með slíkri umsókn fáist stefna á stöðugleika til framtíðar og gjaldmiðil sem íslensk fyrirtæki geta notað í viðskiptum sínum við alþjóðasamfélagið.

Í könnun sem fram fór á vegum Samtaka atvinnulífsins sl. vetur um viðhorf aðildarfyrirtækja SA til aðildar að Evrópusambandinu kom fram að meðal aðildarfyrirtækja SVÞ er afgerandi vilji til þess að stefna að aðild að sambandinu. Í könnuninni lýstu 80% þeirra félagsmanna sem þátt tóku, sig fylgjandi því að þetta skref yrði stigið.


Mikil hættu er á að þær tvær þingsályktunartillögur sem nú liggja fyrir leiði til þess að deilur verði á þinginu um smáatriði og útfærsluleiðir. Slíkt má ekki gerast með eitt stærsta hagsmunamál þjóðarinnar fyrr og síðar. SVÞ ætlar ekki í þessari umsögn að fjalla efnislega um þær hvora um sig. Aðalatriði málsins liggur skýrt fyrir, sem er að Alþingi komi sér saman um eina trúverðuga umsókn, enda annað ekki boðlegt þegar horft er til þess alvarlega ástands sem nú ríkir í þjóðfélaginu.

Evrópumálin hafa mikið verið rædd í samfélaginu að undanfögnu og fulltrúar þings og atvinnulífs hafa kynnt sér málin í heimsóknum til Evrópusambandsins auk þess hafa nokkrar fræðibækur verið gefnar út um þetta efni nýlega sem auðveldar mönnum að fá yfirsýn yfir málið. Það á því ekkert að vera því til fyrirstöðu að leggja nú þegar inn umsókn og nýta þann velvilja sem Svíar hafa lýst yfir gagnvart aðildarumsókn frá Íslendingum.

Samtök verslunar og þjónustu líta á sig sem mikilvægan hagsmunaaðila í því að koma hér á samkeppnishæfu starfsumhverfi með stöðugleika, lægri vöxtum og afnámi verðtryggingar sem mun skila sér í lægra vöruverði og auknum viðskiptum á sviði verslunar og þjónustu sem skapar ný störf. Samtök verslunar og þjónustu óska eftir því að verða virkir þátttakendur í samningaferlinu.

Virðingarfyllt,

f.h. SVÞ


Andrés Magnússon, framkvæmdastjóri.